

Klifurþing KÍ

Kl.19:30, 10.apríl 2024

Hús ÍSÍ, Engjateigi, Reykjavík

Þingforseti: Bjarnheiður Kristinsdóttir

Fundarritari: Inga Hrund Gunnarsdóttir

1. Þingsetning.

Manuela Magnúsdóttir formaður KÍ setti þingið. 16 voru mætt.

2. Kosning þingforseta.

Lagt til að Bjarnheiður Kristinsdóttir verði þingforseti. Samþykkt.

3. Kosning þingritara.

Bjarnheiður leggur til að Inga Hrund Gunnarsdóttir verði fundarritari. Samþykkt.

4. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.

Laufey Rún Þorsteinsdóttir, Ólafur Hrafn Nielsen og Örn Árnason taka að sér hlutverk kjörbréfanefndar.

5. Ávörp gesta.

Engin ávörp gesta voru í ár.

6. Álit kjörbréfanefndar.

Kjörbréf voru tekin gild. Á staðnum voru fulltrúar frá Klifurfélagi Reykjavíkur með 34 atkvæði og Björkinni með 7 atkvæði. Ekki voru fulltrúar frá ÍA Akranesi, ÍBA Akureyri eða USÚ Örfum á staðnum.

7. Skýrsla stjórnar lögð fram.

Manuela kynnti skýrslu stjórnar (fylgiskjal). Sérstaklega var tekið fram að klifursambandið fór upp um flokk í afreksúthlutun ÍSÍ. Klifursambandið tók þátt í málþingi um útiklifur. Haldin voru dómaramámskeið sem 8-10 manns mættu á.

Elmar Orri landliðsþjálfari kynnti stuttlega starf afrekshópa en þar hefur verið mikið að gera og iðkendurnir hafa tekið þátt í mörgum mótum. Unglingalandsliðið fór á nokkur Evrópumót. Góður árangur í grjótlímu og línuklifri á Norðurlandamótum.

8. Reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.

Þuríður Sóley kynnti ársreikninginn (fylgiskjal). Tekjur sambandsins hafa aukist og munu aukast frekar árið 2024 vegna stærri styrkja.

Nokkrar skýringar: Hæfileikamótun er t.d. æfingabúðir án keppni. Fjallakofinn hefur verið samstarfsaðili og styrkti sambandið um 300 þús. Stór styrkur kom frá Lottó, 8 milljónir, ekki er von á svona stórum styrk aftur. Markaðskostnaður er t.d. Google Workspace, verið er að skoða hvort hægt sé að fá ókeypis aðgang þar fyrir sambandið sem er óhagnaðardrifið.

“Mótagjöld” verður hér eftir “kostnaður vegna móta innanlands” og nokkrir aðrir bókhaldslyklar fá hér eftir önnur nöfn, aðallega samkvæmt ráðleggingum frá ÍSÍ.

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.

Þuríður Sóley kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. (Fylgiskjal)

Einstaklingsstyrkur í áætluninni er eyrnamerkur Svönu Bjarnason vegna undirbúnings fyrir þátttökurétt á Ólympíuleikunum 2024..

Fjárhagsáætlun 2024 var samþykkt samhljóða.

10. Gjaldskrá KÍ borin fram til samþykktar.

Lagt til að félagagjald verði óbreytt, 2500 kr. per féлага innan féлага KÍ.

Fundurinn samþykkti samhljóða.

11. Tillögur um breytingar á lögum og reglum KÍ teknar til umræðu og afgreiðslu.

Engar lagabreytingatillögur bárust.

12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði teknar til umræðu og afgreiðslu.

Reglugerð um afrekssjóð kynnt.

Heiðursreglugerð kynnt.

13. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem komið hafa fram á þinginu og þingmeirihluti leyfir.

Heiðursviðurkenningar fara fram í lok þingsins.

14. Kosningar:

Stjórn 2023 sátu:

Helen Hannesdóttir - 2022-2024

Vikar Hlynur Þórisson - 2023-2025

Friðrik Már Baldursson - 2023-2025

Ólafur Hrafn Nielsen - 2022-2024

Manuela Magnúsdóttir - Formaður 2023-2025

Það eru því að losna tvö sæti til stjórnar, sæti Helen og Ólafs Hrafns sem voru að klára 2 ára setu. Tvö framboð bárust: Benedikt Ófeigsson og Birkir Fannar Snævarsson og voru þeir kosnir samhljóða.

Stjórnin 2024 er því skipuð eftirfarandi:

Manuela Magnúsdóttir - Formaður 2023-2025

Vikar Hlynur Þórisson - 2023-2025

Friðrik Már Baldursson - 2023-2025

Benedikt Ófeigsson - 2024-2026

Birkir Fannar Snævarsson - 2024-2026

Varastjórn 2023 var skipuð af eftirfarandi: Laufey Rún Þorsteinsdóttir, Björn

Baldursson, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir.

Ný varastjórn fyrir árið 2024 var kosin og samþykkt: Björn Baldursson, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir og Þorgerður Þórólfsdóttir.

Stjórn og varastjórn voru samþykktar samhljóða.

Skoðunarmenn reikninga verða: Guðmundur Freyr Arnarson og Inga Hrund Gunnarsdóttir

Eftirfarandi nefndir voru samþykktar og kosnar.

Fastanefndir

Fjármálanefnd. Friðrik Már Baldursson formaður og Hildur Jónsdóttir.

Afreksnefnd. Benedikt Ófeigsson formaður, Elísabet Birgisdóttir, Elmar Orri Gunnarsson, Lilja Björk Baldvinsdóttir, Guðmundur Freyr Arnarson.

Mótanefnd. Benjamin Mokry formaður, Ólafur Hrafn Nielsen, Örn Árnason.

Fræðslunefnd (fræðslu- og dómaranefnd). Jóhann Haraldsson formaður, Andri Már Ómarsson, Vikar Hlynur Þórisson, Þóra Bergsveinsdóttir.

Aðrar nefndir

Útbreiðslunefnd. Árni Stefán Haldorsen, Vikar Hlynur Þórisson, Björgvin Hilmarsson, Sighvatur Sveinsson.

Heiðurs- og viðurkenninganefnd: Bjarnheiður Kristinsdóttir (formaður), Valdimar Björnsson og Manuela Magnúsdóttir.

Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSí, skv. lögum ÍSí, á því ári sem Íþróttaping ÍSí fer fram. Manuela og Laufey voru fulltrúar Klifursambandsins 2023 en 2024 verður ekki Íþróttaping.

Heiðursviðurkenningar

Rúna Thorarensen fær heiðursviðurkenningu KÍ fyrir að vera fyrsta íslenska klifurkonan, sem alist hefur upp í íslenska klifursamfélaginu til að klára 8a leið.

Björn Baldursson fær heiðursviðurkenningu KÍ fyrir vel unnin störf í þágu íþróttarinnar og ótrúlegan árangur síðustu 30-40 árin.

Afrek þeirra verða kynnt nánar á vefsíðu sambandsins.

15. Þingslit.

Fundi slitið kl.21:05